

# Tillaga að breytingu á lögum BÍS

## Núverandi grein 19:

“...Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild...”

## Tillaga að breytingu:

“...Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. *Aðeins má veita undanþágu frá þessu skilyrði ef dráttur á afhendingu gagnanna er tilkynntur tímanlega og er vel rökstuddur.* Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild...”

## Rökstuðningur:

Það hefur verið regla frekar en undantekning undanfarin þing að sum félög, heppilega ekki mörg þó, hafa ekki staðið skil á gögnum skv. þessari lagagrein. Engu að síður hefur þingið nánast undantekningarlaust veitt félögum undanþágu frá skilyrðinu og gera þar með lögin ómerk. Annað hvort þarf að gera þetta skilyrði að alvöru skilyrði eða fella það úr lögum. Tillagan miðar að því að skerpa á ákvæðinu og búa jafnframt til ferli ef ske kynni að ekki takist að skila gögnum í tæka tíð.

Ef félag getur af einhverjum orsökum ekki skilað gögnunum fyrir tilskyldan tíma þá getur það, skv. þessari breytingu, óskað eftir fresti til skrifstofu BÍS og gefið greinargóða skýringu á drættinum. Það yrði svo tekið fyrir á þinginu og afgreitt með atkvæðum þeirra félaga sem hafa skilað inn gögnum tímanlega. Jafnframt ætti þá að afgreiða hverja undanþágu fyrir sig en ekki allar í einu eins og venjan hefur verið.